

EFTIRLITSSKÝRSLA

OLÍUBIRGÐASTÖÐ OLÍUDREIFINGAR Á SEYÐISFIRÐI

Dagsetning	21. júní 2011	Fulltrúi UST	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Olíudreifing ehf.	Starfsleyfi, gildir til	31. janúar 2018
Heimilisfang	Gelgjutanga við Kleppsmýrarveg	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	660695-2069	Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson Bergur Tómasson
Isat nr.	63.40	Staðsetning starfstöðvar (hnit)	N65 16,131 V13 59,276
Starfsemi	Önnur flutningamiðlun		

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá starfsleyfi fundust við eftirlit. Engin athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir rekstrarhandbók í stöð Olíudreifingar á Seyðisfirði, farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Olíudreifing hefur í notkun skráningarblað (svokallað mánaðarblað) sem er notað á öllum birgðastöðvum þeirra, þar sem skráð er ýmist viðhald og eftirlit í birgðastöðvunum. Tvær lagnir þarf að þrýstiprófa á árinu, þ.e. 710.60.00 og 710.70.00.

Olíupróf Macherey Nagel var notað til þess að greina olíu í frárennsli stöðvarinnar og greindist þar engin olía.

Tveir geymar eru í stöðinni með svartolíu og flotaolíu. Báðir hafa verið botnþykktarmældir á síðustu tíu árum.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar í rekstrarhandbók voru skoðuð.

Gengið var um stöðina, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (pró) og olíuskilja. Áfyllingarplan var svo og skoðað. Girðingar og hlið voru í lagi.



FRÁVIKⁱ OG ATHUGASEMDIRⁱⁱ

Frávik:

Engin frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust.

Athugasemdir:

Engar athugasemdir voru gerðar við stöðina.

Reykjavík, 21/09/2011

Undirskrift eftirlitsaðila

ⁱ **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

ⁱⁱ **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.